



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2019

**Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til breytinga á búvörulögum, 646. mál.**

*Tilv. 201903-0016*

Bændasamtök Íslands fengu send til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 (endurskoðun um starfsskilyrði sauðfjárræktar og verðjöfnunargjöld), 646. mál, með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis 14. mars sl. Frestur var veittur til 29. mars.

Með frumvarpinu er lagt til að leiddar séu í lög breytingar sem byggja á samkomulagi Bændasamtaka Íslands annars vegar og ráðherra landbúnaðar og ráðherra fjármála hins vegar sem viðræður hófust um 20. ágúst 2018 og lauk með undirritun samkomulags þann 11. janúar 2019.

Samtökin hafa þegar lagt samkomulagið fyrir félagsmenn sína og Landssamtaka sauðfjárbænda til samþykktar eða synjunar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru þær að bændur samþykktu breytingarnar með 68,12% atkvæða (705 aðilar). 30,24% (313 aðilar) höfnuðu samkomulaginu og 1,64% (17 aðilar) tóku ekki afstöðu. Alls voru 2.297 á kjörskrá en atkvæði greiddu 1.035 eða 45%.

Bændasamtökin styðja því eindregið að frumvarpið verði samþykkt.

Að auki leggja samtökin til breytingu á búvörulögum til viðbótar til að framfylgja ákvæðum síðustu búvörusamninga varðandi þátttöku í afurðaskýrsluhaldi. Þetta þarf að bætast við 3. mgr. 30. gr. :

„Skilyrði fyrir greiðslum eru einnig: þátttaka í lögbundnu skýrsluhaldi með fullnægjandi skilum, sem skilgreind er nánar í reglugerð.”



Ofangreind breyting er tæknilegs eðlis sem láðist að bæta inn í lög nr. 102/2016 á sínum tíma en snertir ekki samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar sérstaklega. Þörf hefur verið á þessari leiðréttingu síðan lög nr. 102/2016 voru sett og samtökin leggja áherslu á að hún nái nú fram að ganga. Breytingar sem lagðar eru til í 5. og 6. gr. frumvarpsins eru sama eðlis þ.e. þær snerta ekki samkomulag um endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar sérstaklega.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir